

Mál nr. 218/2018**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Kennari varð fyrir meiðslum er hann féll á gólfi í matsal grunnskóla.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.7.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 12.7.2018.

Málsatvik.

Um hádegisbil 2. mars 2016 kom M, kennari í grunnskólanum A, niður stiga af efri hæð skólans inn á svæði mötuneytis skólans. Í sama mund og hann gekk fram hjá glasa- og diskarekkum steig barn í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að honum fípaðist, missti fótanna, rann til í bleytu á gólfinu og skall illa á gólfið. Varð hann fyrir nokkrum meiðslum við fallið. Sveitarfélag það sem á og rekur A hefur í gildi ábyrgðartryggingu hjá V sem m.a. tekur til starfsemi A.

Kveður M að slysið megi rekja til vanrækslu starfsmanna A að þrifa upp bleytu í matsalnum og vanbúnaðar á vinnustaðnum. Er í þeim efnum vísað til 37 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 1. og 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M rann í bleytu í mötuneyti A fyrir framan rekka þar sem nemendur skólans, allt frá sex ára aldri, skila af sér mataráhöldum, diskum, glösum o.þ.h., eftir að hafa matast. Viðbúið er að bleyta geti komið á gólfið fyrir framan rekkana án þess að því verði komið við að gólfið sé þurrkað jafnharðan og bleyta sest á það. Ekki liggur fyrir að starfsfólk skólans hafi vitað um bleytuna sem M rann í án þess að hafa gert viðhlítandi ráðstafanir til að þurrka hana upp. Þá verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að skipulag í matsalnum hafi getað verið með öðrum hætti þannig að komið yrði í veg fyrir að bleyta væri á gólfi matsalarins þar sem nemendur og starfsfólk skólans ganga um. Að öllu virtu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna skólans eða annarra atvika sem eigandi og rekstraraðili A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.